



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2005

Tilvísun: UST20040400128/tb

Rennlisstýring við Árkvíslar, matsskylda

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 18. mars sl., þar sem óskað er eftir álitum Umhverfisstofnunar á því hvort að opna eigi fyrir rennsli í þriðja röri við Árkvíslar, sbr. fylgiskjal með tölvupósti Skipulagsstofnunar, skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í samræmi við stjórnun rennslis Árkvísla undanfarin 4 ár telur Skipulagsstofnun eðlilegt að Skaftárhreppur verði ábyrgur fyrir stýringu rennslis um 3. rörið sem yrði opnað um leið og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir og því lokað aftur 20. júní 2005.

Umhverfisstofnun telur að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum að framangreind framkvæmd sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé þ.a.l. ekki matskyld. Umhverfisstofnun metur það svo að þetta eigi aðeins við ef rörið er ekki opið lengur en til 20. júní 2005 og að ekki verði farið í neinar aðrar framkvæmdir þessu samfara. Umhverfisstofnun byggir þessa skoðun sína á því að hér sé um vetrarvatn að ræða og því lítt aurframburður í ánni. Umhverfisstofnun vill benda á að nauðsynlegt er að skoða framangreindar aðgerðir í ljósi þess árferðis sem nú er en jafnframt áskilur stofnunin sét rétt til að endurmeta afstöðu sína til vatnsveitinga inn á Eldhraun þegar frekari gögn liggja fyrir í málinu.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

Árni Bragason